



# Okkar mál

*Samstarf um menningu,  
mál og læsi í Fellahverfi*

## Áfangaskýrsla - sumar 2014

Verkefnið Okkar mál er þróunarverkefni til fimm ára sem hefur það að meginmarkmiði að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu<sup>1</sup>.

Á öðru starfsári hefur verið unnið áfram í anda markmiða verkefnisins sem sett voru við móttöku þess vorið 2012. Áframhaldandi þróun samstarfs, vinna og fræðsla er tengist fjölmennningarlegu skólastarfi, áætlunargerð um mál og læsi, spjaldtölvuverkefnum og kynningarstarfi hafa einkennt starfið á tímabilinu.

### Helstu verkefni

Í júní 2013 varð til samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2013-2014<sup>2</sup> sem unnið hefur verið eftir á öðru ári. Eins og sjá má á vef verkefnisins<sup>3</sup> og hér að aftan hefur margvísleg starfsemi farið fram í verkefninu.

- **Stýrihópur** hefur fundað 8 sinnum. Hópurinn hefur sinnt stefnumótun, ákvarðanatöku, undirbúningi fyrir ýmsa sameiginlega starfsemi og kynningarmálum verkefnisins.
- **Verkefnastjórar** frá leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla, skóla- og frístundasviði og þjónustumiðstöð Breiðholts, hafa fundað 10 sinnum. Verkefnastjórnir hafa séð um skipulag og umsjón heimsóknna milli leik og grunnskóla. Þeir hafa jafnframt og unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi, kynningarmálum, gerð læsisáætlana og markvissum verkefnum á hverjum starfsstað. Þeim til ráðgjafar hafa verið deildarstjórar í leikskólunum, kennarar á yngsta stigi í Fellaskóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.



Mynd 1. Frá fundum stýrihóps, verkefnastjóra, ráðgjafarhóps og samráði starfsmanna

<sup>1</sup> Samstarfsaðilar í verkefninu eru Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts

<sup>2</sup> Sjá [www.tungumalatorg.is/okkarmal/files/2013/10/Samstarfs%C3%A1%C3%A6tlun\\_2013-2014\\_haust.pdf](http://www.tungumalatorg.is/okkarmal/files/2013/10/Samstarfs%C3%A1%C3%A6tlun_2013-2014_haust.pdf)

<sup>3</sup> Sjá [www.tungumalatorg.is/okkarmal](http://www.tungumalatorg.is/okkarmal)

- Fyrirnefnd áætlun um samstarf leikskóla og grunnskóla var endurskoðuð á skólaárinu. Með samstarfsáætluninni fyrir næsta skólaár<sup>4</sup> fylgja ýmis konar gögn sem eru **tímarammi** fyrir samstarf leik- og grunnskóla skólaárið 2014-2015, **eyðublöð fyrir skráningar og mat** tengd samstarfi skólanna, **form fyrir upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla**, upplýsingar um heimsóknir leikskólabarna í bæði **smiðjur** og **frístundastarf** Fellaskóla, **lýsing á ferli útskriftar**, umfjöllun um skipulag og kynningar í **vorskóla** og **söngbók Fellahverfis**.
- Líkt og á fyrsta starfsári verkefnisins var í janúar 2014 haldinn **sameiginlegur starfsdagur Fellaskóla, leikskólans Aspar og leikskólans Holts** á 7. hæð í Borgartúni 12-14. Á starfsdeginum var verkefnið kynnt og boðið upp á fjölbreytta fræðslu tengda málörvun, heimspeki og jákvæðri sálfræði, foreldrastarfi, íslenskukennslu og trú á eigin getu.



Mynd 2. Frá sameiginlegum starfsdegi í janúar 2014

- Haldnir voru þrjú **skipulagðir samráðsfundir** deildarstjóra í leikskólunum og kennara á yngsta stigi í Fellaskóla. Þessi hópur hefur einnig átt aðra mikilvæga fundi, þróað og tekið þátt í gagnkvæmum heimsóknum milli leikskólanna og grunnskólans. Gagnsemi þessa samráðs hefur verið mikil. Ekki síst hefur verið stuðlað að umræðu sem æskilegt er að fram fari á milli skólastiga og sú umræða hefur skilað inn nýjum hugmyndum og áherslum sem móta samstarfið.



#### Vinnufundur í nóvember 2013

- Kennarar í 1. bekk kynntu KPALS og sögðu frá starfinu
- Kennarar í 2. bekk kynntu byrjendalæsi
- Hanna Þroskaþjálfari kynnti Stig af stigi
- Kristín og Þorbjörg sögðu frá iPad kennslu í 2. bekk
- Góðar umræður og ýmsar hagnýtar hugmyndir

Mynd 3. Frá samráðsfundi í nóvember 2013

<sup>4</sup> Sjá [http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2014/07/Samstarfsáætlun\\_2014-2015.pdf](http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2014/07/Samstarfsáætlun_2014-2015.pdf)



- Í verkefninu var lögð sérstök áhersla á **möguleika spjaldtölva í skólastarfi**. Í leikskólunum var unnið áfram í anda þeirra skrepa sem tekin voru á vormisseri 2013 og í grunnskólanum var unnið sérstakt spjaldtölvuverkefni í smiðjum með öllum nemendum í 2. bekk Fellaskóla. Eins voru afmörkuð verkefni unnin í valáföngum hjá 8. og 9. bekk. Reynslan af verkefninum sýnir meðal annars áhugaverða og fjölbreytta notkunarmöguleika tengda málrækt, menningu, upplýsingamiðlun og samstarfi.



Mynd 4. Frá spjaldtölvuvinnu nemenda

- Skólaárið 2014-2015 var unnið að læsisáætlunum í Ösp, Holti og í Fellaskóla. Læsis stefnum leikskólanna verður skilað ásamt starfsáætlunum til skóla- og frístundasviðs á þessu sumri og frágangur læsis stefnu Fellaskóla fer fram síðar á árinu. Hægt verður að nálgast áætlanirnar á heimasíðum skólanna á komandi skólaári.
- Nýjung sem ekki var hluti af skipulögðu samstarfi en varð að veruleika í verkefninu í vetur er þriggja daga vorskóli sem haldinn var í byrjun júní 2014. Í vorskólanum kynnst leikskólabörnin grunnskólastarfinu enn betur, kennurum gefst tækifæri á að hitta verðandi nemendur og haldin er kynningarfundur fyrir foreldra. Þessi viðbót við verkefnið gafst vel og er vafalítið komin til að vera.



Mynd 5. Frá vorskóla og foreldrakynningu vorið 2014

- Í upphafi árs 2014 var stofnaður sérstakur rannsóknarhópur um Okkar máls verkefnið á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Að hópnum koma sérfræðingar á sviðinu og mun afrakstur af starfinu meðal annars felast í matsskýrslu um þróunarverkefnið sem skilað verður síðari hluta árs 2014.



Mynd 6. Frá fyrsta fundi rannsóknarhóps á MVS-HÍ

- Í báðum leikskólunum og grunnskólanum hefur auk framantalinna verkefna verið unnið á fjölbreyttan hátt að fræðslu og innleiðingu þátta er tengjast markmiðum verkefnisins, um menningu, mál og læsi. Þátttakendur í verkefninu tengjast jafnframt fjölmörgum öðrum verkefnum sem ríma við áherslur og markmið Okkar máls verkefnisins. Mörg verkefni tengjast þeirri miklu gerjun sem á sér stað í Breiðholti og hafa á einn eða annan hátt gildi fyrir allt skólastarfið. Nefna má verkefni eins og Blíða byrjun, íslenskukennslu fyrir foreldra á leikskólanum Ösp, samþættingu skóla- og frístundastarfs í verkefninu 1 2 Fellaskóli, starfi sem tengist ráðgjöf John Morris skólastjóra breska skólans Arleigh Green til Fellaskóla, morgunverðar- og fræðslufundum um mál, læsi og samstarfs skólastiga sem haldnir voru á vegum Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.
- Okkar máls verkefnið hefur notið töluverðrar athygli og verið kynnt við hin ýmsu tækifæri. Nefna má eftirfarandi kynningar: á Breiðholtsbylgjunni, á hádegisverðarfundum starfsmanna SFS, á kynningarfundum um læsistefnur leikskóla, í fréttabréfi SFS, á fundi leikskólastjóra borgarinnar, fyrir starfsmenn á Þjónustumiðstöð Breiðholts, á vorráðstefnu Miðstöðvar um skólaþróun á Akureyri, á stóra leikskóladeginum, á fundi skóla- og frístundaráðs, í Síðdegisútlarpinu, í ýmsum fréttamiðlum og á vef borgarinnar. Þátttakendur í verkefninu hafa einnig kynnt verkefnið í tengslum við kynningar á öðrum verkefnum sem þeir tengjast.
- Á vef verkefnisins ([www.tungumalatorg.is/okkarmal](http://www.tungumalatorg.is/okkarmal)) er fréttum af verkefninu miðlað í myndum og texta. Lögð hefur verið sérstök áhersla á að skrá starfsemi og taka myndir af flestum atburðum til að auka sýnileika starfsins. Myndir eru aðgengilegar í gagnageymslum verkefnisins og hefur til dæmis verið miðlað til foreldra og starfsmanna. Innri kynningum hefur jafnframt verið sinnt á hverjum starfsstað og eins er lokaður Facebook hópur notaður sem vettvangur fyrir upplýsingamiðlun og umræður starfsmanna.



Mynd 7. Frá vorráðstefnu á Akureyri og kynningu fyrir starfsmenn SFS

## Afrakstur, stuðningur og næstu skref

Á öðru starfsári Okkar máls verkefnisins hefur verið unnið að fjölbreyttum verkþáttum og hafa skref verið stigin í verkefninu sem hafa mótað inntak, aðferðir og samstarf í skólasamfélaginu í Fellahverfi. Verkefnið hefur þróast áfram, vissir þættir hafa nú náð að festast í sessi og eins hafa hugmyndir að nýjum verkefnum kviknað og verið útfærðar.

Samlegð af samstarfi í verkefninu, þar sem skólar í Fellahverfi, Þjónustumiðstöð Breiðholts, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og skóla- og frístundasvið hafa lagt saman krafta sína, er um margt áhugaverð fyrirmynd að átaks- og þróunarverkefni í menntakerfinu. Í þessu samhengi er vert að þakka og geta þess að sú jákvæða athygli sem verkefnið hefur hlotið frá skóla- og frístundasviði og markviss stuðningur og hvatning frá skóla- og frístundaráði skiptir veigamiklu máli fyrir skólastarf í hverfi sem hefur jafnmikla sérstöðu og sóknarfæri eins og raunin er í Fellahverfi.

Verkefnið hefur einnig notið jákvæðrar athygli víðar og fékk það afhent viðurkenninguna Orðsporið á degi leikskólans í febrúar 2014. Viðurkenningin er veitt af kynningarnefnd Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla til þeirra sem hafa þótt skara fram úr og unnið ötullega í þágu leikskóla og/eða leikskólabarna.



Mynd 8. Frá afhendingu Orðsporsins í febrúar 2014

## Lokaorð

Okkar máls verkefnið var í upphafi skilgreint sem fimm ára verkefni og þó að margt hafi unnist á fyrstu tveimur starfsárum þess er þátttakendum ljóst að aðeins hafa verið tekin fyrstu skrefin í vegferð sem getur leitt af sér fjölmörg tækifæri og afrakstur ef rétt verður að staðið. Á næsta skólaári verður unnið áfram að þeim fjölmörgu og mikilvægu viðfangsefnum sem liggja fyrir í anda markmiða verkefnisins og verkáætlana. Vonir standa til að vinnan muni mótast af sömu gleði, hugmyndaugi og krafti sem einkennt hefur fyrstu starfsárin í Okkar máls verkefninu í Fellahverfi.

Reykjavík, 4. júlí 2014

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri Okkar máls